

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**
Dagsetning: **31.05.2021**
Málsnúmer: **FJR21040013**
Bréfalykill: **3.3**

Efni: Minnisblað að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, frumvarp til laga um nýtingu séreignarsparnaðar (768. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd óskaði eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort tilefni sé til að breyta ákvæðinu sem heimilar ráðstöfun séreignarsparnaðar til inn á höfuðstól húsnæðisláns þannig að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum eða á lífeyri almannatrygginga geti nýtt uppsafnaðan séreignarsparnað í sama tilgangi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað um framkvæmd ákvæðisins, í tengslum við beiðni nefndarinnar, getur einstaklingur sem fer á atvinnuleysisbætur óskað eftir því við Atvinnuleysisstryggingasjóð að 4% bóttanna renni áfram sem framlag hans til séreignarsjóðs viðkomandi. Umræddur einstaklingur verður þó af 2% framlagi launagreiðanda þar sem Atvinnuleysisstryggingasjóður greiðir ekki mótfamlag. Þá hefur ráðuneytið upplýsingar um að einstaklingur sem svo á við um geti nýtt framlag sitt skattfrjálst inn á höfuðstól fasteignaveðlána. Það virðist því ekki tilefni til að gera breytingar á ákvæðinu að þessu leyti.

Hvað lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingum varðar en beiðnin óljósari en af því tilefni er vakin athygli á nefndarálit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. maí 2014 vegna frumvarps til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar (484. mál), sem varð að lögum nr. 40/2014. Í álitinu er m.a. að finna umfjöllun um heimild annarra hópa en launamanna til að nýta séreignarsparnaðar til greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána og öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Þar segir m.a. að úrræðum frumvarpsins sé beint að þeim sem eru á vinnumarkaði og þeir hvattir til aukins sparnaðar. Þá greinir í álitinu að breyting á úrræðunum geti haft í för með sér umtalsverða mismunun gagnvart ólíkum hópum vegna annarra úrræða stjórnvalda í þeim tilvikum þegar réttthafar séreignarsparnaðar hafa greitt fullan tekjuskatt við úttekt hans.

Þá er rétt að benda á að almenn heimild til að hefja útgreiðslu séreignarsparnaðar, auk vaxta, er þegar réttthafi er orðinn 60 ára, sbr. 11. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þegar réttthafi hefur náð þeim aldri getur hann óskað eftir því við vörsluaðila að taka séreign sína út í einu lagi eða dreifa greiðslunum yfir ákveðið tímabil. Við úttekt er tekjuskattur greiddur af fjárhæðinni. Ákvæði frumvarpsins um skattfrjálsta nýtingu séreignarsparnaðar inn á höfuðstól fasteignaveðláns er því tímabundin undanþága frá meginreglu 11. gr. laga nr. 129/1997. Úrræðið var lögfest með lögum nr. 40/2014 og í fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að það verði framlengt í þriðja sinn. Úrræði laga nr. 40/2014 voru upphaflega hluti af leiðréttingu fasteignaveðlána.